



Litla Hraun

Rúst nr. 9 í Kolbeinsstaðahreppi, Snæfells-
og Hnappadalssýslu

Skýrsla um snið í túngarð 2012



Bjarni F. Einarsson
2012

Forsíðumyndin sýnir hið nýja hlið á túngarðinum sem sett var á hann eftir að rannsókn og endurhleðslu var lokið. (Stafrænar myndir nr. 24. Horft til A. Ljósm. B.F.E.).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

Unnið fyrir landeigendur á Litla Hrauni.

© Bjarni F. Einarsson

Nóvember 2012.



Mynd 1. Horft heim að Litla Hrauni. Túngarðurinn í forgrunni og hinn raskaði hluti hans er rétt utan við myndina hægra megin. Þar má sjá slóðann. (Ljósm. BFE. Horft mót A).

Inngangur

Að beiðni landeigenda Litla Hrauns og að kröfu minjavarðar Vesturlands tók undirritaður að sér að grafa þversnið í túngarð sem orðið hafði fyrir raski vegna framkvæmda (fornleifar nr. 9:1).

Aðstoðarmaður við rannsóknirnar var Kristján Mímisson fornleifafræðingur og doktorsnemi. Rannsóknin fór fram dagana 31. október og 1. nóvember 2012. Býsna kalt var í veðri og vindasamt sem hafði ákveðin áhrif á rannsóknina (tafði lítillaga og truflaði myndavél, en hafði ekki áhrif á niðurstöður).

Túngarðurinn liggur utan um heimatúnin á Litla Hrauni í Kolbeinsstaðahreppi í Snæfells- og Hnappadalssýslu á tvo vegu, að vestan og austan. Suðurmörkin hafa verið girt á annan hátt og að sunnan var hraunið, sennilega einnig girt á sama hátt. Raskið var á túngarðinum að vestan (sjá mynd 7).

Landeigendum eru þökkuð góð kynni og liðlegheit, bæði fyrir og eftir rannsókn.

Markmið rannsóknarinnar

Markmið rannsókna var að kanna gerð túngarðsins og mögulegan aldur, en garðinum hafði verið raskað og slóði lagður í gegnum hann.



Mynd 2. Rannsókn á túngarðinum hafin. Neðst er endurhlaðinn hluti garðsins og fyrir miðri mynd er sniðið í gegnum garðinn. (Stafr. Myndir nr. 01. Ljósmynd. BFE. Horft mót SSA).

Í fornleifaskrá er garðurinn aldursgreindur til tímabilsins 1550 – 1900. Sú aldursgreining byggir á fyrri reynslu höfundar og jarðlagaskipan undir garðinum. Einnig kemur fram í fornleifaskrá að hugsanlega eigi garðurinn sér forvera, fornleifar nr. 10:1.

Vegna rasksins fór Fornleifavernd ríkisins, á grundvelli fornleifaskráningarinnar, fram á að þversnið væri grafið í túngarðinn til að kanna gerð hans og aldur og hvort eldri leifar leyndust undir honum.


Túngarður fyrir rannsókn

Túngarðurinn var skráður nokkrum vikum fyrir rannsókn. Er honum lýst á eftirfarnadi hátt í Fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar:

„Garðurinn er úr hraungrýti, 1 - 1,3 m breiður og 0,2 - 0,7 m hár. Hlið er á honum að vestan þar sem gata hefur legið um. Þar eru nýleg ummerki um umferð. Garðurinn hefur legið um allt býlið að vestan, norðan og sunnan. Suðurhlutinn hefur þó ekki verið hlaðinn, heldur girtur. Það bendir til þess að hann sé ekki mikið eldri en 1880.

Garðurinn er býsna heill á stærstum hluta og hann á sér forvera (nr. 10:1).

Garðurinn hefur verið laskaður að vestanverðu. Mun sá hluti verða rannsakaður. GPS var mælt við N-endann.“ (Fornleifar nr. 9 í Kolbeinsstaðahreppi. Fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar).



Mynd 3. Sniðteikning af túngarðinum á Litla Hrauni.

Rannsóknin

Ákveðið var að grafa um 1 m breiðan og 2 m langan skurð sunnan við raskið eða þar sem túngarðurinn hafði verið fjarlægður. Engin hnitakerfi voru sett upp og engin hæð skilgreind. Bæði var engin þörf á slíku og vindurinn svo stífur að ekki var hægt að beita hæðarmæli né stíku. Kom þetta ekki að sök.

Tilgangur sniðsins var eins og áður greinir að kanna hugsanleg jarðlög, sjá gerð garðsins og kanna hvort einhver gjóskulög kynnu að leynast í jarðlögunum undir garðinum.

Grafið var niður á óhreyft, sem var sjálf hraunhellan sem túngarðurinn stóð ofan á.

Teknar voru stafrænar myndir og aðeins þótti ástæða til að teikna sniðið í túngarðinn.

Engin viðarkol né gjóskulög fundust við rannsóknina og því ekki hægt að aldursgreina hann á raunvísindalegan hátt. Undir honum voru tvö jarðlög og svo hraunhellan. Efra lagið var dökkt og í því voru lífrænar leifar (jurtaleifar) og trúlega var það blandað með ýmsum dökkum gjóskum sem fokið hafa yfir svæðið á ýmsum tímum áður en garðurinn var byggður. Lagið undir var ljósara og ekki varð vart við lífrænar leifar í því né gjóskur.

Á litlum kafla framan við sniðið varð vart við milligrófa mól eða mulning úr hraunhellunni. Við fyrstu sýn gat þarna verið um þúkk að ræða, en af sniðteikningu má ráða að svo gat ekki verið þar sem mölin var of djúpt í jörðu til að svo mætti vera (frostsprengt yfirborð hraunsins). Eins og sést á myndum 3 og 4 hefur garðurinn verið lagður



Mynd 4. Ljósmynd af sniðinu í túngarðinn. Neðst má sjá hraunhelluna og þar ofan á jarðlög. (Stafr. myndir nr. 14. Horft mót SSA. Ljósm. BFE).

beint ofan á lag 1 án þess að yfirborðið hafi verið lagað til áður. Svo hefur sama lag fokið upp að grjótinu á köntunum.

Mesta breidd garðsins í sniðinu er 1,56 m. Upphafleg breidd hefur líklega verið 1,20 m, eða rúmlega 2 álnir. Mesta hæð hans í sniðinu er


0,66 m. Hversu hár hann hefur almennt verið er ekki hægt að segja með vissu, en hæstur er garðurinn nú a.m.k. 1 m.

Samkvæmt Grágás og Jónsbók áttu svokallaðir löggarðar að vera 1,25 – 1,5 m á þykkt neðst og 0,75 – 0,90 efst. Hæð þeirra skildi taka meðalmanni í öxl eða u.þ.b. 1,5 – 1,6 m (Grágás 1992:12. Jónsbók 2004:178).

Árið 1776 kom þúfnatilskipunin svokallaða (Kristmundur Bjarnason 1978). Í tilskipuninni er kveðið á um að öll tún skyldi girða torf- eða grjótgörðum, verði því við komið. Áttu garðarnir að vera a.m.k. 1,23 – 1,43 m á breidd að neðan og hæð þeirra átti að vera 0,98 – 1,14 m (ibid 1978:35).

Ekki er hægt að halda því fram að sá hluti garðsins sem rannsakaður var hafi verið vel hlaðinn. Öðru nær, hann er frekar hroðvirknislega hlaðinn þar sem grjóti er hrúgað saman á óskipulegan hátt. Ekki virðist nein tilraun vera gerð til að velja grjót og koma því fyrir á „réttum“ stöðum, heldur eru þeir settir ofan á hvorn annan á tilviljunarkenndan hátt. Skýringin á þessu kann að vera sú að hraungrýtið er í eðli sínu mjög stöðugt sem hleðslugrjót. Það bindur sig afar vel í hvort annað og þá þarf kannski ekki að eyða tíma í að sérvelja einstakt grjót svo að hleðslan haldi.

Við þurrabúðina Gerði eða Garðbæ í landi Kirkjuvogs í Höfnum, Reykjanesbæ, var garður umleikis eins og lög gera ráð fyrir. Við rannsókn kom í ljós að garðurinn hafði verið býsna vel hlaðinn og



Mynd 5. Snið í gegnum túngarð í landi Kirkjuvogs í Höfnum, nánar til tekið utan um þurrabúðina Gerði. Sjá má að garðurinn er öðruvísi hlaðinn en garðurinn á Litla Hrauni. (Bjarni F. Einarsson 2005:10).



Mynd 6. Plan og snið í prufuskurði 1 í túngarðinn á Vatnsenda. Eins og sjá má er kjarninn í báðum gördum úr minna grjóti en það sem er í jaðrinum. Munurinn er meiri í eldri garðinum. (Bjarni F Einarsson 2000).


nokkur munur á grjóti við ytri brún og við miðju. Var grjótið sem lagt var yst mun stærra en grjótið sem myndaði kjarnann. Einnig var stærra grjótið vel hlaðið, en kjarninn ekki (sjá mynd 5). Allt grjótið var úr hraungrýti sem tekið var úr hraunhellu á staðnum. Nokkur munur var þó á hraungrýtinu í Gerði og því á Litla Hrauni, en hið síðarnefnda var mun „ferskara“ og grófara (minna veðurbarið?). Ekki reyndist unnt að aldursgreina þennan garð með nákvæmni, en búskapur hefst í Garðbæ árið 1888 og trúlega voru húsin byggð á eldri rústum sem hétu Gerði (Bjarni F. Einarsson 2005).

Utan um stórbýlið Vatnsenda í Kópavogi voru tvær kynslóðir garða úr grjóti sem ekki reyndist heldur unnt að aldursgreina. Var yngri garðurinn hlaðinn að hluta til úr efni úr þeim eldri. Stungið var upp á því að eldri




Mynd 6. Túngarðurinn fullrannsakaður og endurhlaðinn. Skilið var eftir hlið í jaðri hins raskaða hluta. Neðst á myndinni er hinn upprunalegi garður og þá tekur við beinn kafli sem er hlaðinn örlítið öðruvísi en sá upphaflegi svo að greina megi endurgerðina í framtíðinni. (Stafr. myndir nr. 23. Horft mót SSA. Ljós. BFE).

garðurinn væri aðeins yngri en þúfnatilskipunin áður nefnda og sá yngri mjög líklega ekki eldri en 1916, enda töldu heimamenn hann vera hlaðinn eftir fyrri heimsstyrjöld (ibid 2000).



Mynd 7. Túnakort bæjarins frá því skömmu eftir 1900. Sjá má að matjurtagarðar hafa verið tveir. Þann neðri á myndinn má enn sjá. Hlöður eru tvær á myndinni og við báðar eru skepnuhús. Ekki sást skepnuhús lengur við hlöðuna hægra megin, fornleifar nr. 1:3, en við þá vinstra megin var áfast fjárhús, fornleifar nr. 12:1. Niðri til vinstri eru tvö peningahús, en aðeins annað þeirra sást við fornleifaskráninguna, nr. 13:1. Á teikningunni er túngarður sýndur allan hringinn utan um bæinn. Líklega hefur því hluti túngarðsins verið gaddavírsgirðing. Lög um gerð túnakorta voru sett 1915 og gerð þeirra hófst upp úr því, eða á árunum 1916-20. Líklega er þetta kort gert um 1920 (Túnakort Litla Hrauns. Þjóðskjalasafn. Jón Torfason, Þjóðskjalasafni).



Mynd 8. Pversnið í Fornagarð í Vogsósum. Eins og sjá má var hann að mestu á kafi í sandi fyrir rannsókn. Ljósu steinarnir sýna yngri hleðslu. 1 er sandur sem orpist hefur yfir garðinn á seinni tímum. 2 Sandur sem orpist hefur fyrr á tímum. 3 Sand- og moldaráfok á víxl. 4 Moldaráfok með 1104 gjósku efsts (óbirt teikn. Bjarni F. Einarsson 2004).

Mest allt grjót í görðunum á Vatnsenda var lábarið grágrýti og grjótið í jaðri mun stærra en í kjarna í báðum kynslóðum.

Elstu túngarðar á Íslandi eru yfirleitt úr torfi einu saman og líklega eiga ákvæði Grágásar og Jónsbókar við slíka garða. Þegar kemur fram á miðaldir taka grjótgarðar að birtast, en líklega hafa þeir ekki náð verulegum vinsældum fyrr en á seinni öldum. Elsti grjótgarður sem rannsakaður hefur verið er líklega Fornigarður í Selvogi (Bjarni F. Einarsson 2006). Hann er þó ekki túngaður, heldur sennilega sandvarnargarður utan um byggðina í Selvogi. Fornigarður var hlaðinn einhvern tímum á tímabilinu 1104 - 1220-26 (ibid 2006:226).

Svipaður garður mun vera svokallaður Skagagarður á Garðskaga sem að mati Kristjáns Eldjárns var „ævafor“ (Kristján Eldjárn 1977:117). Eitthvað er af jarðvegi í garðinum að sögn Kristjáns. Enn er hægt að benda á garð sömu tegundar, þó ekki hafi hann verið kannaður að ráði, en það er mikill grjótgarður utan um eyðibygðina við Kirkjuhöfn, Litlu-

og Stóru Sandhöfn og Eyri skammt suður af Höfnum (Sandra Sif Einarsdóttir o.fl. 2008:16). Sá garður hefur sennilega þjónað sama hlutverki og Fornigarður.

Af þeim gördum sem nefndir hafa verið hér líkist garðurinn á Litla Hrauni mest Fornagarði. Engar aðrar ályktanir verða dregnar af því aðrar, en þessi gerð garða er þekkt snemma.

Um aldur garðsins á Litla Hrauni er aðeins hægt að geta sér til um út frá jarðvegsþykknun og ályktunum út frá heimildum. Eins og sjá má á mynd 3 er lítil jarðvegsþykknun við garðinn sem bendir til þess að hann sé ekki forn. Líklega er garðurinn yngri en þúfnatilskipunin frá 1776 og jafnvel hefur henni verið fylgt hvað varðar breidd og hæð. Nú er það svo að garðurinn nær ekki utan um túnið að norðan- og sunnanverðu, en að norðanverðu er aðeins eldri kynslóð hans sýnileg (hugsanlega úr torfi!). Annaðhvort hefur eldri túngarðurinn verið notaður að sunnan eða, sem er líklegra, að þar hafi gaddavírsgirðing verið sett niður. Gaddavír kemur fyrst til landsins um 1880, hugsanlega með strandi timburflutninga-skipisins Jamestown 1881 (Sunnlenskir sagnaþættir 1981:109). Hvort sami háttur hafi verið hafður á garðinum að sunnan verður ekkert sagt með vissu.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að reki hafi verið nokkur á jörðinni, sem þá var hægt að nýta m.a. í girðingarstaura. „*Rekavon góð á Gömlu Eyri, sem liggur fyrir Stórahrauns, Snorrastaða og þessarar jarðar landi, og á Hítardalur hálfan reka og vaktar ábúandi hann so sem annar leiguliði, og hefur það af rekanum hjer fyrir, sem lög fyrir skilja.*“ (1931-33:19).

Eins og áður kom fram var eitt markmiðanna að kanna hvort eldri leifar kynnu að leynast undir garðinum. Svo reyndist ekki vera og eldri túngarðurinn (fornleifar nr. 10:1) lá samsíða vesturkaflanum nyrst. Svo beygði hann af mót austri, rétt við lágt klettabelti sem er um 50 m norður af sniðinu sem rannsakað var. Virðist gamli garðurinn svo hafa fylgt þessu klettabelti áfram mót austri. Líklega hafa þverhníptir hamrarnir, sem þar er víða að finna, verið hluti af afmörkun heimatúnsins. Eins gæti hafa háttað með yngri garðinn þar sem hann leggur á úfið hraunið, en þar eru víða þverhníptir hamrar og brattir gilskorningar. Nokkrum metrum sunnan við gamla garðinn, þar sem hann leggst að hömrnunum voru tvö jarðföll. Annað þeirra gæti haft hlaðna fyrirstöðu framan við skúta í jarðfallinu til að halda fé frá því að fara sér að voða, en úr því er ekki hægt að skera án frekari athugunar (þetta var ekki skráð sem fornleifar).

Að lokinni rannsókn var garðurinn endurhlaðinn þar sem honum hafði verið raskað. Þó var skilið eftir op á garðinum (hlið) svo gestir geti gengið þar um. Endurhleðslan var höfð bein svo hún myndi skera sig úr hinum upprunalega garði síðar meir. Einnig var skortur á grjóti til að hlaða úr, sem sýnir að ekki hefur garðurinn verið mikill þar sem hann var laskaður. Að sögn landeigenda var hann rofinn á þessum stað og því var staðurinn valinn til að leggja slóðann í gegnum garðinn.

Sögubrot¹

Litla Hraun var til forna kallað Setu- eða Setahraun. Elsta heimildin um jörðina er í Máldaga Hítardalskirkju frá því um 1354 (Ísl. fornbréfasafn 1890:84). Þar kemur ekki annað fram en að kirkjan eigi heimaland allt með gögnum og gæðum Setuhrauns, sem er því elsta orðmyndin á nafni jarðarinnar. Næst er jarðarinnar getið árið 1397 í sama máldaga og nú undir nafninu Setahraun (Ísl. fornbréfasafn 1890:184). Um 1470 er jörðin enn nefnd í Máldaga Hítardalskirkju og aftur undir heitinu Setahraun (Ísl. fornbréfasafn 1899:599). Um 100 árum síðar er jarðarinnar enn getið og nú í svokölluðum Gíslamáldögum, en það var skrá sem Gísli biskup Jónsson tók saman um 1570 (Ísl. fornbréfasafn 1947:545). Þar er jörðin kölluð Setahraun og talin í eigu sömu kirkju og áður og í útleigu fyrir VII ærgildi (ibid 1947:612).

Nafnið Litla Hraun virðist fyrst koma fyrir í elsta jarðartali Íslands frá því um 1684 (Björn Lárusson 1967:159). Þar kemur fram að jörðin er í eigu kirkjunnar eins og áður og metin á 23 hundruð og 80 álnir, sem er býsna hátt mat. Líklega er þetta villa í jarðartalinu, því skömmu síðar, eða 1709, er hún metin á 12 hundruð, sem er í meðallagi (Jarðabók 1931-33:19). Jarðamatið virðist hafa haldið sér allt til ársins 1861, en þá er það hækkað um eitt hundrað og var þá í 13 hundruðum (Ný Jarðabók 1861:56).

Í matinu frá 1709 segir m.a. svo um jörðina: „*Skógur til kolgjörðar bjarglegur til þessa, eyðist mjög. Torfrista og stúnga lök og lýtt nýtandi. Móskurður til eldiviðar nægur. Selveiðivon góð hefur verið, þykir fara til rýrðar, brúkast þó. Rekavon góð á Gömlu Eyri, sem liggur fyrir Stórahrauns, Snorrastaða og þessarar jarðar landi, og á Hítardalur hálfan reka og vaktar ábúandi hann, so sem annar leiguliði, og hefur það af rekanum hjer fyrir, sem lög fyrir skilja. Skelfiskfjara litil brugðist í margt ár. Heimræði má hjer valla telja, þó hafa menn bragðað um hásumar að fleyta hjer skipi með stórflæðum til fiskifengjar, þykir erfitt mjög, brúkast sjaldan. Enginu granda sjóarflæður, sem gjöra seltu í rótinni, sem spillir grasvextinum og so þar sem lágar eður dældur hafa verið, og sjórinn hefur staðið eftir þá út hefur fallið, eru nú svarðleysu leirtjarnir. Landþröng er og nýtur ábúandi góðvilja nábúa sinna fyrir óákveðna þóknun fyrir beitina.*“ (Jarðabók 1931-33:19).

Fyrstu ábúendur sem getið er í rituðum heimildum eru tvenn hjón árið 1703, þau Jón Helgason hreppstjóri, 32 ára, og kona hans Þuríður Magnúsdóttir, 40 ára, og hjónin Jón Björnsson og kona hans Guðrún Aradóttir (Manntal á Íslandi 1703, 1924-27:87). Tvíbýli var þá á jörðinni. Jón og Guðrún eru talin óhraust enda orðin nokkuð fullorðin, bæði 62 ára. Aðeins tveimur árum síðar virðist einn ábúandi vera á Litla Hrauni, Eiríkur Jónsson að nafni (Jarðabók 1931-33:19). Hann er

¹ Kaflinn er sóttur orðréttur úr skýrslu um fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á svæðinu (Bjarni F. Einarsson 2012).

væntanlega sonur annarshvors ábúendanna frá því áður, væntanlega Jóns hins eldri, því þá er Jón Helgason aðeins 34 ára.

Árið 1816 er einbýlt á Litla Hrauni og þar búa hjónin Guðmundur Hákonarson, 30 ára og kona hans Margrét Magnúsdóttir, jafnaldra ásamt þremur börnum sínum (Manntal á Íslandi 1816, 1947-74:549).

Árið 1845 búa hjónin Bárður Sigurðsson, 35 ára og kona hans Solveig Árnadóttir, 32 ára auk tveggja barna sinna. Þar var einnig niðursetan Guðrún Jónsdóttir, 75 ára og faðir bóndans, Sigurður Bárðason, þá 65 ára og kona hans Guðrún Eiríksdóttir, 63 ára. Á þeirra heimili var vinnustúlkan Ingiríður Pálsdóttir, 20 ára (Manntal á Íslandi 1845:51).

Í lýsingu Hítarnessprestakalls frá árinu 1841 er Litla Hrauni lýst sem sæmilegustu jörð (Sýslu- og sóknarlýsingar 1970:32-33). Þar er m.a. sagt frá því að á Gömlueyri, sem tilheyrir jörðinni, sé rekapláss að vestanverðu sem tilheyrir Hítardalskirkju, en undir eftirliti Litla Hrauns bænda. Sé þetta eftirlit býsna erfitt og íþyngjandi, en þó sé svo rekasælt að „*leiguliðar muni verða skaðlausir.*“ (Sýslu- og sóknarlýsingar 1970:33).

Í fornleifunum er öll þessi saga geymd, þó ekki séu þar nöfn né fjöldi einstaklinga rétt eins og fjöldi búfénaðar er þar ekki heldur tilgreindur. En í fornleifunum má lesa um hlutskifti fólksins og lífsafkomu, siði þess og verktækni og húsagerðasögu allt til miðalda. Á bæjarhólnum er líklegt að næst yngstu kynslóðir húsakynnanna séu illa farnar flestar hverjar og jafnvel horfnar, en þar undir má búast við heillegum minjum.

Eldborgarhraun

Sumir hafa talið að um tvö hraun sé að ræða, misgömul og að yngra hraunið sé frá því stuttu eftir landnám (Jóhannes Áskelsson 1955:131). Aðrir telja hraunið aðeins eitt og það hafi runnið fyrir 5000 - 9000 árum (Haukur Jóhannesson 1978. Ágúst H. Bjarnason 2000:71).

Vestur hluti túngarðsins liggur ofan á hrauni þar sem helluhraun er ríkjandi. Nokkra tugi metra til suðurs má aftur á móti sjá hraun þar sem apalhraun er ríkjandi. Austur hluti túngarðisins liggur ofan á apalhrauni. Sjónrænt séð virðast hraunin því vera tvö, mis gömul. Um þetta er besta að hafa sem fæst orð, en rannsóknir á aldri hraunsins, eða hraunanna ættu að skera úr um þetta. Sé um tvö hraun að ræða og það yngra hafi runnið snemma á landnámsöld, gefur það fyrirheit um spennandi rannsóknir síðar meir á eldsumbrotum og þróun byggðar, en slíkar rannsóknir eru fáséðar á Íslandi.

Niðurstaða

Niðurstaða rannsóknarinnar er að túngarðurinn sé líklega ekki eldri en frá 1880 – 1900. Þessi niðurstaða byggist á því að garðurinn er ekkert sokkinn ofan í hinn litla jarðveg sem er ofan á hrauninu og að hann er frekar illa hlaðinn. Einnig er sú staðreynd að engar hleðslur eru fyrir norðurhluta túnanna, en þar hlýtur að hafa þurft girðingu af einhverju

tagi, t.d. gaddavírsgirðingu. Slíkar girðingar koma ekki til landsins fyrr en um 1880.

Ekki reyndist forveri garðsins leynast undir garðinum, en hann kom í ljós nokkuð norðar, norðan við lágan hamravegg og þar beygði hann til austurs og frá yngri garðinum.

Á 19. öld geisaði herferð gegn torfhúsamenningu þjóðarinnar og var torfhúsum fundið allt til foráttu og talin megin ástæðan fyrir slægu heilsufari þjóðarinnar á þeim árunum. Fór þessi herferð einkum fram á síðum blaða og tímarita og einn helsti forkólfurinn í baráttunni var þáverandi landlæknir Guðmundur Hannesson, einn af fyrstu sérfræðingum landsins í sögu húsagerðar í landinu. Annar læknir, Jón Hjaltalín lét ekki sitt eftir liggja í umræðunni og lét sig ekki muna um að ráðast gegn túngörðum úr torfi í baráttunni. Flestum sást þó yfir aðalatriðið og það var upphitun húsa, en ekki úr hvaða efnun þau voru. Í kjölfarið fékk torfið á sig kotungs og fátækrahlæ og steinninn hafinn til skýjana. Ljúkum við skýrslu þessari á orðum Jóns:

„Jeg get og ímyndað mjer, að túngarðar og kálgarðar yrðu, þegar stundir líða byggðir úr eintómum steini, einkum þegar menn hafa fengið sannfæringu fyrir því af eigin reynslu, að nægilegar kalktegundir sjeu í landinu. Kálgarða, heygarða og túngarðahleðsla úr moldarhnausum er hið mesta klúður; það hefir gjört hinn stærsta jarðusla hjer á landi, og það er varla mögulegt að tala um nokkrar verulegar framfarir í jarðrækt vorri, meðan þetta jarðrót heldur á fram hjá oss ár eptir ár; mannsaldur eptir mannsaldur og öld eptir öld, eins og vjer líka Íslendingar aldrei getum vænt að ná góðu heilbrigðisástandi í þeim núverandi hibyllum vorum, meðan þessir moldarkofar eru vor daglegu hibyli.“ (J. Hjaltalín 1879:6).

Heimildir

- Ágúst H. Bjarnason. „Glómosi (*Hookeria lucens* (Hedw.) í Eldborgarhrauni, Kolbeinsstaðahreppi.“ *Náttúrufræðingurinn*. Tímarit Hins ísl. Náttúrufræðifélags. Ritst. Álfheiður Ingadóttir. 69. árgangur. 2. hefti 2000. Reykjavík 2000. Bls. 69-76.
- Bjarni F. Einarsson. *Vatnsendi. Snið í túngarð*. Skýrsla um prufuholugróft haustið 2000. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2000.
- Ibid. *Hafnir. Snið í túngarð, meintan túngarð og meintan brunn*. Skýrsla um prufuholugróft sumarið 2005. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2005.
- Ibid. „Garður er granna sættir.“ *Árnesingur VII*. Ritst. Gunnar Marel Hinriksson, Már Ingólfur Másson, Skúli Sæland og Þorsteinn Tryggvi Másson. Sögufélag Árnesinga. Reykjavík 2006. Bls. 205-230.
- Ibid. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Litla Hrauns í Snæfells- og Hnappadalssýslu*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2012.
- Grágás*. Lagasafn íslenska þjóðveldisins. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992.

- Haukur Jóhannesson. „Þar var *ei* bærinn, sem nú er borgin.“ *Náttúrufræðingurinn*. Tímarit Hins ísl. Náttúrufræðifélags. Ritst. Kjartan Thors. 47. árgangur. 2. hefti 1977. Reykjavík 1978. Bls. 129-141.
- J. Hjaltalín. „Um byggingar, kalkbrennslu og steinsmiði.“ *Heilbrigðistíðindi*. Nr. 1. J. Janúarmán. 1879. Bls. 5-6.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn með styrk úr ríkissjóði Íslands. Fimmta bindi. Kaupmannahöfn 1931-33.
- Jóhannes Áskelsson. „Þar var bærinn, sem nú er borgin.“ *Náttúrufræðingurinn*. Tímarit Hins ísl. Náttúrufræðifélags. Ritst. Hermann Einarsson. XXV. árgangur 1955 Reykjavík 1955. Bls. 122-132.
- Jón Tofason skjalavörður. Bréf um aldur Túnakortsins frá Litla Hrauni dags. 20. nóv. 2012. *Þjóðskjalasafn*.
- Jónsbók*. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman. Reykjavík 2004.
- Kristján Eldjárn. „Skagagarður - fornmannaverk.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1977*. Landið og heimahagar. Bls. 107-119.
- Kristmundur Bjarnason. *Saga Dalvíkur I*. Dalvík 1978.
- Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2008.
- Sunnlenskir sagnaþættir*. Þjóðlífsþættir af suðurlandi. Safnað hefur Gunnar S. Þorleifsson. Bókaútgáfan Hildur 1981. Bls. 104-115.
- Túnakort*. Litla Hraun. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Örnefnaskrá. *Litla Hraun*. Örnefnasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Rúst nr. 9 í landi Litla Hrauns í Kolbeinsstaðahreppi, Snæfells- og Hnappadalssýslu.

Verkkaupandi:

Landeigendur að Litla Hrauni.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanefndar:

31. okt. 2012.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.
Kristján Mímisson, fornleifafræðingur.

Forvarsla:

Engin.

Rannsóknartími:

31. okt. – 1. nóv. 2012.

Megin niðurstaða:

Engin gjóska né viðarkol fundust sem varpað gætu ljósi á aldur garðsins. Út frá gerð og jarðvegsþykkun er getum að því leitt að garðurinn sé ekki eldri en frá því um 1880. Hann er sér þó mun eldri forvera.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

Ca. 2 fermetrar.

Geymsla gagna:

Frumgögn (frumteikningar) munu verða færð Fornleifavernd ríkisins til geymslu.

Skýrsla hjá:


Fornleifafræðitofunni, Fornleifavernd ríkisins o.fl.

Skrár:


Stafrænar myndir

Stafrænar ljósmyndir


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Litla Hraun	Kolbeinsstaðahreppur	3701	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Snæfells- og Hnappadalssýslu	31.10.2012	S	1
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus E-410	Rannsókn á túngarði langt komin. Yfirlit.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Litla Hraun	Kolbeinsstaðahreppur	3701	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Snæfells- og Hnappadalssýslu	31.10.2012	SSA	2
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus E-410	Rannsókn á túngarði langt komin. Skali 50 sm. Hann liggur ofan á klöpp/hrauni.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Litla Hraun	Kolbeinsstaðahreppur	3701	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Snæfells- og Hnappadalssýslu	31.10.2012	SSA	3
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus E-410	Rannsókn langt komin. Skali 50 sm. Túng. liggur ofan á klöpp/hrauni. Með flassi.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Litla Hraun	Kolbeinsstaðahreppur	3701	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Snæfells- og Hnappadalssýslu	31.10.2012	SSA	4
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus E-410	Rannsókn langt komin. Skali 50 sm. túng. liggur ofan á klöpp/hrauni.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Litla Hraun	Kolbeinsstaðahreppur	3701	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Snæfells- og Hnappadalssýslu	31.10.2012	SSA	5
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus E-410	Rannsókn langt komin. Túng. liggur ofan á klöpp/hrauni. Yfirlit.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			





<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Litla Hraun	Kolbeinsstaðahreppur	3701	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Snæfells- og Hnappadalssýslu	31.10.2012	NA	6
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus E-410	Kristján við rannsókn á túngarðinum.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			





Stafrænar ljósmyndir


<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýslu	<i>Dags</i> 31.10.2012	<i>Mót</i> NA		<i>Mynd nr.</i> 7
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Kristján við rannsókn á túngarðinum.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýslu	<i>Dags</i> 31.10.2012	<i>Mót</i> S		<i>Mynd nr.</i> 8
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Fjárból nokkra m austur af túngarði, norðan við staðinn sem ranns. var.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýslu	<i>Dags</i> 31.10.2012	<i>Mót</i> SA		<i>Mynd nr.</i> 9
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Skúti í fjárbóli og hleðslur fyrir framan.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýslu	<i>Dags</i> 31.10.2012	<i>Mót</i> NNV		<i>Mynd nr.</i> 10
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Eldri túngarður beygir þeim yngri við hraunbrún norður af rannsóknarstað.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýslu	<i>Dags</i> 31.10.2012	<i>Mót</i> S		<i>Mynd nr.</i> 11
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Kristján að teikna.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýslu	<i>Dags</i> 31.10.2012	<i>Mót</i> SSA		<i>Mynd nr.</i> 12
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Túngarðurinn þegar hann var teiknaður.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


Stafrænar ljósmyndir


<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701		
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýslu	<i>Dags</i> 31.10.2012	<i>Mót</i> SSA		<i>Mynd nr.</i> 13
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Sniðið í túngarðinn eins og það var teiknað.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701		
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýslu	<i>Dags</i> 31.10.2012	<i>Mót</i> SSA		<i>Mynd nr.</i> 14
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Sniðið í túngarðinn eins og það var teiknað.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701		
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýslu	<i>Dags</i> 31.10.2012	<i>Mót</i> SSA		<i>Mynd nr.</i> 15
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Sniðið í túngarðinn eins og það var teiknað. Yfirlýst.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701		
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýslu	<i>Dags</i> 31.10.2012	<i>Mót</i> SSA		<i>Mynd nr.</i> 16
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Sniðið í túngarðinn.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701		
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýslu	<i>Dags</i> 31.10.2012	<i>Mót</i> SA		<i>Mynd nr.</i> 17
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Sniðið og næsta umhverfi.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701		
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýslu	<i>Dags</i> 31.10.2012	<i>Mót</i> ASA		<i>Mynd nr.</i> 18
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Endurhleðsla hafin á túngarði.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				


Stafrænar ljósmyndir


<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýsla	<i>Dags</i> 1.11.2012	<i>Mót</i> ASA		<i>Mynd nr.</i> 19
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Túngarðurinn fullrannsakaður og endurhleðslu lokið. Yfirlit.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýsla	<i>Dags</i> 1.11.2012	<i>Mót</i> A		<i>Mynd nr.</i> 20
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Túngarðurinn fullrannsakaður og endurhleðslu lokið. Yfirlit.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýsla	<i>Dags</i> 1.11.2012	<i>Mót</i> SSV		<i>Mynd nr.</i> 21
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Túngarðurinn fullrannsakaður og endurhleðslu lokið. Yfirlit.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýsla	<i>Dags</i> 1.11.2012	<i>Mót</i> SSA		<i>Mynd nr.</i> 22
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Endurhleðsla, hlið og túngarður.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýsla	<i>Dags</i> 1.11.2012	<i>Mót</i> SSA		<i>Mynd nr.</i> 23
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Endurhleðsla, hlið og túngarður.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i> Litla Hraun	<i>Sveitarfélag</i> Kolbeinsstaðahreppur	<i>Tákntala</i> 3701	<i>Mynd</i> 	
<i>Sýsla</i> Snæfells- og Hnappadalssýsla	<i>Dags</i> 1.11.2012	<i>Mót</i> A		<i>Mynd nr.</i> 24
<i>Myndavél</i> Olympus E-410	<i>Myndefni</i> Horft í gegnum nýja hliðið á túngarðinum.			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson				